

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um talningu atkvæða, nr. 447/2024.

1. gr.

Á eftir orðunum „frambjóðanda á“ í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, kemur: þeim.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í kosningum til Alþingis, við forsetakjör og í þjóðaratkvæðagreiðslu skal birta auglýsinguna á vef landskjörstjórnar og í sveitarstjórnarkosningum á vef viðkomandi sveitarfélags.

3. gr.

Á eftir orðinu aðföng í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, kemur: og aðstaða; og í stað orðanna „ílát til blöndunar atkvæða“ í sömu málsgrein kemur: að unnt sé að blanda atkvæðum.

4. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar bætist: Sé um að ræða samnýttan atkvæðakassa, sbr. 1. mgr. 76. gr., skal kjörstjóri rjúfa innsigli hans og afhenda atkvæðin flokkuð.

6. gr.

Orðin „í hæfilega stórt ílát“ í 15. gr. reglugerðarinnar falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

a. Orðin „teknir úr ílátinu og“ í 1. mgr. falla brott.

b. 1. másl. 6. mgr. orðast svo: Að lokinni flokkun atkvæða og yfirferð skal talningarstjóri eða annar starfsmaður í talningu, sem talningarstjóri tilnefnir, tryggja að atkvæði sem flokkuð eru eftir merkingu framboðslista, frambjóðenda eða svarkosta séu á afmörkuðum stað innan flokkunarrýmisins.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar:

a. Við 1. másl. bætist: eftir listabókstöfum, frambjóðendum eða svarkostum eftir því sem við á.

b. 3. másl. orðast svo: Atkvæðaseðlar sem ekki ná viðmiði heils bunka skulu merktir með fjölda atkvæða.

9. gr.

Við lokamálslið 4. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar bætist: en umboðsmenn eiga rétt á að fá ágreininginn bókaðan í gerðabók yfirkjörstjórnar.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 81. gr., 4. mgr. 99. gr. og 6. mgr. 105. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 21. apríl 2026.*

**Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Páll Winkel.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 22. apríl 2026